



Deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár

Ártún 4, breyting á deiliskipulagi



Deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná dags. 1.7.1999, m.s.br. í mkv. 1:1000



Ártún 4, breyting á deiliskipulagi í mkv. 1:1000

Gerð er breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná dags. 1.7.1999 m.s.br. sem nær til lóðarinnar Ártún 4.

Tillaga að breytingu var grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Ártúns 1, 2, 3, 5 og 6 frá 5. október - 2. nóvember 2022, í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust við kynnta tillögu.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Byggingarreitur færast til austurs og stækkar til suðurs. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall er óbreytt.
- Hámarksvegg hækkar úr 3,3 - 4,95 m í 5,4 m.
- Fallið er frá kröfu um lágmarkspakhalla.
- Fallið er frá kröfu um 5% lágmarks gluggaþekju á norðurhlíð byggingar.
- Bundin byggingarlína er felld út.

Á lóðinni er gert ráð fyrir að reisa byggingu á einni hæð með mænispaki og möguleika á millilofti. Aðkoma að lóð verður frá Ártúni og Hjallatúni. Í byggingu er gert ráð fyrir allt að átta aðskildum iðnaðarbilum, hvert með séringang og innkeyrsluhurð á austur- og vesturhlíð byggingar.


Framan við hvert iðnaðarbil er afmarkað sérafnotarými (athafnarými) sem tilheyrir hverju bili. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum í sérafnotarýmum. Sérafnotarými skal ekki nota til geymslu á tækjum, efni eða öðru því sem tilheyrir starfsemi á lóð, til skemmri eða lengri tíma. Á vesturhluta lóðar er gert ráð fyrir sérstökum geymslusvæðum, einu fyrir hvert iðnaðarbil, þar sem heimilt er að geyma tæki, efni eða annað það sem tilheyrir starfsemi í hverju bili. Stærð og afmörkun sérafnotarýma og geymslusvæða á uppdrætti er leiðbeinandi og getur breyst við fullnaðarhönnun.

Óheimilt er að geyma tæki eða efni utan geymslusvæða og óheimilt er að leggja ökutækjum, til lengri eða skemmri tíma, utan sérafnotarýma. Tryggja skal að geymsla á tækjum eða efni valdi ekki ónæði eða truflun á annarri starfsemi.


Gerð er krafa á lóðarhafa um snyrtilegan frágang innan lóðar, jafnt á sérafnotarýmum, geymslusvæðum sem og á sameiginlegum svæðum.

Gera skal ráð fyrir akstursleið með tvístefnu milli sérafnotarýma og geymslusvæða, sbr. uppdrátt.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.



Skýringarmynd:
Byggingarreitur fyrir og eftir breytingu.



Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039

Skýringar

- Deiliskipulagsmörk
- Svæði sem breyting nær til
- Lóðir
- Metralóðir
- Byggingarreitur
- Bundin byggingarlína
- Sérafnotafletir og athafnasvæði (leiðbeinandi stærð og afmörkun)
- Númer lóðar
- Stærð lóðar og hámarks nýtingarhlutfall
- Veghelgunarsvæði

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Grundarfjarðarbæjar



Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Ártún 4, tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Dags:	Mælikvarði:	Útgáfunr.:
27. september 2022	1:1000 @ A3	A1615-002-U06
Teikn./Yfirarið:	Teikn.nr.:	
ÞK/KÞ	1/1	